

Áveitan


4. tbl. 17. árgangur. Apríl 2023

Víðavangshlaup Þjótanda Sumardaginn fyrsta

Hlaupið verður á Þjórsárbökkum u.þ.b.
1500 metra langt og hefst við
afleggjarann að Árprýði. Skráning fer
fram á staðnum frá kl. 10:30 en hlaupið
verður ræst kl 11:00.

Að hlaupi loknu fá keppendur
þátttökuverðlaun og boðið verður uppá
svaladrykk, sigurvegarar í karla- og
kvennaflokki fá farandverðlaunagrip.

20.apríl
kl. 11



Fögnum sumri á heilsuefandi hátt, hlaupið hentar
fyrir fólk á öllum aldri og hver fer á sínum hraða.
Við vonumst til að sjá sem flesta og af öllu
félagssvæðinu. Stjórn Þjótanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar.

Það er margt búið að gerast undanfarnar vikur og ýmislegt framundan með vorinu.



Fræðslu- og uppeldismál

Í mars var Gunnlaug Hartmannsdóttir **skólastjóri** Flóaskóla ráðin sem deildarstjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem þjónustar Uppsveitir og Flóa í velferðarmálum og sérfræðiþjónustu í skólum á svæðinu. Þetta þýðir að auglýsa þarf eftir nýjum skólastjóra við Flóaskóla í vor. Von er á auglýsingu í blöðum og á vefmiðlum næstu daga. Gunnlaug starfar áfram út vorið í Flóaskóla. Samningar um **skólaakstur** eru lausir í lok skólaársins 2022-2023 og liggur fyrir að skoða akstursleiðir og nýja samninga vegna skólaaksturs. Lögð er áhersla á að reyna að takmarka tíma barna í skólabíl eins og unnt er miðað við aðstæður.

Fræðslunefnd og skólastjórnendur Krakkaborgar vinna að uppbyggingu á nýrri **gjaldskrá** fyrir leikskólann Krakkaborg sem stefnt er að taki gildi eftir sumarlokun. Gjaldskráin verður kynnt vel fyrir foreldrum þegar að því kemur.

Umhverfis- og samgöngumál

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum á sviði loftslagsmála og ber sveitarfélögum að setja sér **loftslagsstefnu**. Sveitarfélagið vinnur um þessar mundir að undirbúningi gerð loftslagsstefnu undir handleiðslu SASS og í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurlandi. Sveitarstjóri og fulltrúi úr umhverfis- og samgöngunefnd munu taka þátt í vinnunni við gerð stefnunnar.

Umræður um **samgöngur** í sveitarfélaginu bera oft á góma hjá íbúum en öll viljum við búa við góðar samgöngur. Gott samtal og samtarf er við Vegagerðina um hin ýmsu mál sem snúa að samgöngum og umferðaröryggi í sveitarfélaginu en mikilvægt er að halda áfram að reyna að sækja umbætur á vegum innan sveitarfélagsins. Í haust sendi

sveitarstjóri erindi á Vegagerðina með ósk um að fá veginn á milli Oddgeirshóla og Langholtshverfis aftur skráðan inn á **vegaskrá** og gekk það í gegn núna í mars. Vegurinn er því kominn á vegaskrá að nýju og vonir eru bundnar við að Vegagerðin fari í lagfæringar á veginum sem fyrst. Þetta munar miklu varðandi akstur þjónustuaðila, íbúa og ekki síst vegna skólaaksturs en þetta getur munað töluverðu í tíma í skólabíl barna á þessum slóðum.

Girðingum með vegum er víða ábótavant og eru íbúar hvattir til að gera bót á því þar sem við á. Landeigendum ber að kanna árlega hvort þörf sé á viðhaldi girðingar og skal þá viðhald að jafnaði fara fram að vori samkvæmt reglugerð nr. 930/2012 með síðari breytingum. Viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum greiðist að jöfnu af Vegagerðinni og landeiganda. Mikilvægt er að landeigandi tilkynni árlegt viðhald girðingar til sveitarfélags og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Selfossi og óski eftir kostnaðarhlutdeild veghaldara (Vegagerðarinnar). Stofnvegir í Flóahreppi eru Þjóðvegur 1 og Gaulverjabæjarvegur og tengivegir eru Hamarsvegur, Vorsabæjarvegur, Villingaholtsvegur, Önundarholtsvegur og Urriðafossvegur.

Nánari upplýsingar um þetta má finna í 2. gr. reglugerðar nr. 825/2017:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/>

[innanrikisraduneyti/nr/20706](https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/20706) og í stofnreglugerð nr. 930/2012: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/18347>

Því miður hefur verið nokkur röskun á **sorphirðu** undanfarið. Ástæðurnar eru ýmsar og má þar nefna veður, veikindi starfsmanna og bilanir á bílum hjá sorphirðuaðila. Við vonum að sorphirðan fari að komast í betra jafnvægi með vorinu.

Grenndargámar við Félagslund fyrir málma og gler koma á næstu dögum og verður tilkynning sett á heimasíðu þegar þeir eru komnir. Minnum á grenndargámana við Þingborg.

Því miður varð misskilningur varðandi **ílátastærðir** fyrir plast og pappír/pappa á milli sveitarfélagsins og sorphirðuaðila en við töldum að við gætum verið með stóra 660l græna tunnu fyrir plastið líka en því miður verður það að vera 360l tunna (nýja tunnan) eða minni fyrir plastið svo að hægt sé að hirða í einni ferð. Þetta snýst um tæmingarbúnað á tvískipta bílum sem kemur og tæmir plast og pappír. Við biðjumst velvirðingar á þessu og vonum að það hafi ekki mikil áhrif. Við bendum á að ef plast eða pappírstunna fyllist við heimili þá er hægt að fara með það flokkað í Hrísmýri og taka fram að það sé hreint plast og pappír og þá er ekki klippt í inneignarkortið.

Menningarmál

Mikil leiga er á **félagsheimilum** í vor tengt ferðingum og einnig eru flestar helgar í sumar bókaðar í Þingborg og Félagslundi. Eins og staðan er í dag eru tvær helgar lausar í Félagslundi og ein í Þingborg á tímabilinu 1. júní-31. ágúst. Það verður að teljast jákvætt að fá nýtingu á félagsheimilin til að standa að einhverjum hluta undir þeim kostnaði sem fylgir því að eiga og reka húsin.

Fulltrúar í Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd eru á fullu að undirbúa vorhátíðina okkar **Fjör í Flóa** sem haldin verður 1.-3. júní í ár. Við hvetjum íbúa til að fylgjast með facebook síðu Fjörs í Flóa.

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um **menningarstyrk** Flóahrepps vegna ársins 2022 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála. Sækja þarf um styrkinn fyrir 15. apríl. Nánar um styrkveitingu má sjá hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/styrkur-til-menningarmala-umsoknarfrestur-til-15-april>

Íþróttá- og æskulýðsmál

Ungmennaráð Flóahrepps hefur haldið opin **ungmennahús** þrisvar sinnum í vetur og hafa þau verið vel sótt. Gott og öflugt ungmennaráðs er mikilvægt til að efla félagslíf og þátttöku ungmenna í fjölbreyttu starfi í sveitarfélaginu.

Félagmiðstöðin Zone í Flóahreppi fór með unglinga í 8.-10. bekk í skíðaferð í Skagafjörð í lok mars. Ferðin er samstarfsverkefni félagsmiðstöðvar og Flóaskóla.

Framkvæmdir

Sveitarfélagið vinnur nú að undirbúningi lagningu nýrrar **vatnslagnar** frá Neistatöðum að Skeiðavegamótum til að anna þeirri uppbyggingu sem framundan er á því svæði ásamt því að tryggja þeim sem fyrir eru nægilegt vatn. Fulltrúar framkvæmda- og veitunefndar og sveitarstjóri munu hafa samband við viðkomandi landeigendur á næstu dögum til að skoða möguleika á legu lagnarinnar. Að því loknu verður farið í hönnun, kostnaðaráætlun og útboð vegna framkvæmdarinnar og vonir eru bundnar við að geta hafist handa í vor eða sumar.

Ýmsar framkvæmdir eru framundan í vor og sumar í **fasteignum** sveitarfélagsins svo sem ýmskonar viðhald, málun úti og inni, viðgerð á ljósum og hljóðkerfi í Þingorg. Umjónarmaður fasteigna vinnur þessa dagana að undirbúningi og öflun tilboða í hin ýmsu viðhaldsverkefni.

Vinnuhópur vegna skólalóðar og húsnæðis Flóaskóla hefur komið saman einu sinni og framundan er frekari vinna sem snýr að þarfa-

greiningu húsnæðis og aðstöðu á skólalóð. Anne Bruun Hansen hjá Eflu hefur verið fengin til að stýra vinnu hópsins sem mun skila af sér niðurstöðum eigi síðar en í október á þessu ári.

Verið er að undirbúa uppsetningu á hleðslustöðvum í sveitarfélaginu og kemur fjármagn í verkefnið að hluta með styrk frá Orkusjóði og að hluta úr sveitasjóði.

Vinnuskóli Flóahrepps sumarið 2023

Flóahreppur starfrækir **vinnuskóla** á sumrin í 7 vikur á tímabilinu frá byrjun júní og framyfir miðjan júlí. Vinnuskólinn er opinn fyrir unglunga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefnin eru fjölbreytt og aðalstarfsstöðvarnar þrjár, við Þingborg, Þjórásarver/Flóaskóla og Félagslund. Auk þess hafa eldri borgarar haft möguleika á að panta þjónustu vinnuskólans heim á bæi og svo verður áfram eftir því sem tími gefst.

Unglingar fæddir 2007-2009 eiga kost á vinnu í 6 vikur frá klukkan 9:00-15:00, mánudaga-fimmtudaga og þeir sem fæddir eru 2010 eiga kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra.

Umsóknareyðublað vegna starfs við vinnuskólann má finna á heimasíðu Flóahrepps: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps> en einnig er hægt að nálgast útprentað eyðublað á skrifstofu Flóahrepps. Athugið að foreldri/forráðamaður þarf að fylla út umsóknina með barni sínu og hefur starfsmaður Flóahrepps samband við foreldri til að staðfesta starf við vinnuskólann. Útprentuðum umsóknum skal skila á netfangið floahreppur@floahreppur.is eða í afgreiðsluna á skrifstofu Flóahrepps fyrir 10. maí.

Flóahreppur auglýsir eftir flokkstjórum fyrir vinnuskóla og hvetjum við áhugasama að sækja um hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/flokkstjorar-i-vinnuskola-floahrepps-2023>

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson leysir Ingibjörgu Einarsdóttur tímabundið af í starfi húsvarðar í Þingborg og sinnir húsvörslu í Félagslund. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist til Andra í síma 866-7870 eða á netfangið andrierlingsson@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Mínum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókarari og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Athugið að skrifstofa Flóahrepps verður lokuð föstudaginn 21. apríl vegna endurmenntunardags starfsfólks.

Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 18. apríl kl. 9:00 Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 14. apríl.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Tilkynning frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Takið daginn frá!

Þann 17. apríl nk. kl 19:30 í Þingborg bjóðum við uppá fræðslukvöld og í kjölfar þess höldum aðalfund okkar.

Ásta Camilla Gylfadóttir landslagsarkitekt FÍLA og garðyrkjufræðingur ætlar að fræða okkur um hönnun heimilisgarða og plöntunotkun. Allir velkomnir.

Hefðbundin aðalfundur haldin strax þar á eftir. Hvetjum félagsmenn og áhugasama að mæta og taka þátt í starfi félagsins og móta áherslur þess. Nýir félagar velkomnir.



Kveðja, stjórnin

RÓSEY EHF

Ægisíðu 4, Hellsu

(Gula húsið vestan við brúna)

Smíðum allar gerðir af háþrýsti- og lágþrýstislöngum.

Gerum við ventlakistur - dælur, mótorar og tjakka.

Allt fyrir glussakerfið. Útvegum allt í vökvakerfi.


Opið frá kl. 08 - 18 mánud. - fimmtud. - Föstud. frá kl. 08 - 16

Sími 537 0754 - 835 0754

rosey@rosey.is - (þjónusta fyrir utan opnunartíma, sími 835 0754)

HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM

KLÓSETTIÐ ER EKKI RUSLAFATA.
EKKI STURTA BLAUTÞURRKUM OG
ÖÐRU RUSLI NIÐUR!




Klósettpappír



Blautþurrkur



Dömubindi & tíðatappar



Eyrnapinnar & bómullarskífur



Hár & tannþráður



VINNUSKÓLI

FLOKKSTJÓRAR ÓSKAST

Leitað er eftir öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglingum og ungmennum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:



FLÓAHREPPUR



floahreppur@floahreppur.is

Nýir Þjótandabolir



Nú eru komnir í sölu nýir glæsilegir Þjótandabolir og hafa þeir svo sannarlega fengið góðar viðtökur. Hægt er að panta bol hjá Fanneyju og Oddnýju Ásu á netföngin fanneyo80@gmail.com og oddnyasa@floaskoli.is eða með skilaboðum. Bolurinn kemur í stærðum 116-XL og kostar 3000 krónur en hann er niðurgreiddur af Þjótanda. Gömlu bolirnir verða að sjálfsgöðu gjaldgengir áfram og um að gera að nýta þá sem best.



Félagsvist Þjótanda, seinna kvöld

Hið æsispennandi spilakvöld Þjótanda verður í Félagslundi þriðjudagskvöldið 4. apríl og hefst kl 20:00. Þetta er seinna kvöldið af tveimur, en fyrra kvöldið var í Flóaskóla 16. mars. Spilað verður hálf spjald af félagsvist (12 spil). Veitt verða verðlaun fyrir stigahæstu konu og karl, og einnig verða veitt verðlaun fyrir flest stig samanlagt bæði kvöldin. Aðgangseyrir er 1.000 krónur en frítt fyrir grunn-skólaaldur. Mætum öll!



ORKUSTOFNUN

STYRKIR

VARMADÆLUKAUP

HVER ERU SKILYRÐIN?

Eignin verður að vera með niðurgreiðslu á rafhitun eða oliukyndingu.

Eignin verður að hafa lögheimilisskráningu.

HVERNIG VIRKAR ÞETTA?

Sótt er um í gegnum þjónustugátt á vef Orkustofnunar.

Styrkurinn er reiknaður út frá kaupum á búnaði og efniskostnaði við uppsetningu hans.

Styrkurinn miðast við 50% af efniskostnaði.

Hámarksstyrkur er 1.337.000 kr.

Niðurgreiðslur skerðast ekki við styrkveitinguna og haldast áfram í samræmi við notkun (að hámarki 40.000 kwh/ári).

Styrkurinn er til 15 ára á viðkomandi fasteign að þeim tíma liðnum er hægt að sækja aftur um styrk á sömu fasteign.

Hvað er styrkhæfur kostnaður?

1. Varmadæla
2. Festingar og allur aukabúnaður með varmadælu
3. Efniskostnaður frá rafvirkja
4. Efniskostnaður pípara
5. Flutningskostnaður varmadælnnar

Messuhald um páskahátíðina í Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtskirkjum.

6. apríl, skírdagur. Messa í Laugardælakirkju kl. 15.00.

9. apríl, páskadagur. Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 11.00. Sungið hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinsonar. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson.

10. apríl, annar páskadagur. Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 11.00. Sungið hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinsonar. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson.

Fjör í Flóa

Velkominn í Flóahrepp

1.-3. JUNÍ

LUMAR ÞÚ Á:

- Smáum eða stórum dýrum?
- Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum?
- Fallegu handverki?
- Afurðum beint frá býli?
- Skemmtilegum hugmyndum?
- Langar þig að hafa opið hús?

HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA FRÁ ÞÉR

Rúnar s: 898-1535
Sigrún s: 862-1574
Harpa s: 848-7713

Finndu okkur á Facebook-
Fjör í Flóa og Instagram-
Menning í Flóa

45. Flóahlaupið 2023

Flóahlaupið verður haldið sunnudaginn 16. apríl við Félagslund.

Ræst verður kl. 13.00. Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi.

Skráning fer fram á hlaup.is en félagsmenn í Umf. Þjótanda sem greitt hafa árgjald þurfa ekki borga þáttökugjöld og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum- mæta tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslund eftir hlaupið. Einnig geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. Posi á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin



Við hjá Hótel Vatnsholti óskum eftir 2 einstaklingum til að sjá um tjaldsvæðið, ýmis útiverk og þrif frá 1. júní - 31. ágúst.

Áhugasamir hafi samband í síma 899-7748 eða info@hotelvatnsholt.is



ÆDALSAFNAÐARFUNDUR Villingaholtssóknar verður haldinn þriðjudagskvöldið 11. apríl kl. 20.00 í Villingaholtskirkju.

Dagskrá fundar verður sem hér segir:

1. Fundur settur og skipaðir starfsmenn fundarins
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Ársskýrsla formanns sóknarnefndar
4. Reikningar kirkju og kirkjugarðs lagðir fram
5. Kosning í sóknarnefnd 2 aðilar
6. Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns.
7. Verkefni framundan, umhirða kirkjugarðs o.fl.
8. Önnur mál.
9. Fundi slitið.

Varðandi kosningar þá mega Sólveig Þórðardóttir og Albert Sigurjónsson ganga úr sóknarnefnd en þau eru bæði tilbúin að verða áfram.

Við hvetjum ykkur kærú sveitungar til að koma á fundinn og láta málefni kirkjunnar ykkur varða.

f.h. sóknarnefndar, Sólveig Þórðardóttir formaður sóknarnefndar



MENNINGARSTYRKUR FLÓAHREPPS 2023

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna 2023 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi

Styrkupp hæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun ársins.

Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

- Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi
- Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi
- Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur
- Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.
- Að umsókn fylgi ósk um styrkupp hæð

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl og verður úthlutun tilkynnt á Fjör í Flóa í júní.

Umsóknir ásamt fylgigögnum berist Flóahreppi, Þingborg, 803 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „Menningarstyrkur 2023“



Fréttir frá Flóaskóla

Í marsmánuði hefur verið eitt og annað á döfnni hér í Flóaskóla.



Þann 14.mars síðastliðinn var alþjóðlegur dagur stærðfræðinnar. Í tilefni dagsins var Flóaskólaáskorun í stærðfræði hleypt af stokkunum í 1.-6.bekk. Flóaskólaáskorun samanstóð af fimm stærðfræðiþrautum sem nemendur tókust á við. Veitt voru tvenn verðlaun, annars vegar var dregið úr innsendum seðlum en einnig voru veitt verðlaun fyrir réttasta svareðilinn. Nemendur tóku þessari áskorun afar vel, lögðu sig fram og sýndu mikla þrautseigju við að finna lausnir á þrautunum.

Dagana 27.-28. mars lögðu nemendur í 8.-10. bekk af stað norður í Skagafjörð í skíðaferð, ásamt kennurum. Skíðaferðin er samstarfsverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar Zone. Hópurinn gisti í skála á skíðasvæði Tindastóls þar sem dagarnir voru vel nýttir við skíðaiðkun enda var rennifæri í fjallinu. Í ferðinni heimsóttu nemendur einnig jafnaldra sína í félagsmiðstöðina Friður á Sauðárkróki. Jafnframt var ferðin nýtt í að upplifa sýninguna, 1238 Baráttan um Ísland, þar sem gestir taka meðal annars þátt í að upplifa bardaga Sturlungaaldarinnar.



Árshátíð yngra stigs var haldin í Þjórsárveri, fimmtudaginn 30. mars þar sem nemendur og kennarar í 1.-6. bekk settu á svið leikritið Bláa Hnötturinn efir Andra Snæ Magnason.

Gaman er að segja frá því að höfundurinn mætti sjálfur á sýninguna og var mjög

ánægður með frammistöðu nemenda á verkinu. Enda var mikið lagt í sýninguna, hönnuð og smíðuð leikmynd, búningar útbúnir og saumaðir, æfingar á tónlist og dansi og síðast en ekki síst lögðu nemendur mikla vinnu í að æfa textana sína og setja sig inn í hlutverkin. Að sýningu lokinni var gestum boðið upp á kaffi, djús og léttar veitingar.



Kær páskakveðja frá Flóaskóla

Héraðsmót HSK 12.mars 2023 Selfoss

Karlaflokkur

60.m hlaup

6.sæti 9,00 sek Helgi Reynisson

Hástökk

6.sæti 1,40 m Helgi Reynisson

Stangarstökk

4.sæti 2,40 m Helgi Reynisson

Langstökk

3.sæti 4,87 m Magnús Baldursson

6.sæti 4,62 m Helgi Reynisson

Kúluvarp 7,26 kg

3.sæti 8,88 m Brynjar Jón Brynjarsson

Kvennaflokkur

60m hlaup

5.sæti 8,96 sek Bryndís Eva Óskarsdóttir

Hástökk

7.-8.sæti 1,40 m Bryndís Eva Óskarsdóttir

Langstökk

9.sæti 4,26 m Bryndís Eva Óskarsdóttir

Kúluvarp 4 kg

2.sæti 10,28 m Bryndís Eva Óskarsdóttir

Góumót Gaflarans 25.mars 2023 Hafnarfjörður

11 ára piltar

60m hlaup

15.sæti 10,09 sek Kristján Reynisson

22.sæti 10,82 sek Ottó Ingi Annýjarson

400m hlaup

12.sæti 81,03 sek Kristján Reynisson

18.sæti 89,16 sek Ottó Ingi Annýjarson

Langstökk

13.sæti 3,56 m Kristján Reynisson

21.sæti 2,92 m Ottó Ingi Annýjarson

14-15 ára Piltar

Helgi Reynisson

60m hlaup 8.sæti 8,70 sek

Hástökk 3-4.sæti 1,55 m

11 ára stúlkur

Lilja María Axelsdóttir

60m hlaup	4.sæti	9,86 sek
400m hlaup	6.sæti	84,08 sek
Langstökk	4.sæti	3,48 m

Héraðsleikar HSK 26.mars 2023 Selfoss

Það var líf og fjör í Selfosshöllinni þegar Þjótandi mætti með 25 keppenda hóp á HSK mót 10 ára og yngri. Krakkarnir voru mörg í nýju bolunum sem gerði hópinn sérlega glæsilegan.

Örvar Þjálfari stýði liðinu og með honum voru nokkrir hressir unglingar sem var alveg frábært. Fjölmargir foreldrar fylgdu hópnum og margir aðstoðuðu við framkvæmd mótsins. Takk kærlega fyrir ykkar framlag foreldrar.

Eftir mót gengu allir saman yfir í Selið og þar bauð Þjótandi upp á pizzahlaðborð sem var frábær endir á þessum góða sunnudagsmorgni. Takk fyrir daginn öll!

9.ára Piltar

60m hlaup

2.sæti	10,90 sek	Páll Axel Axelsson
4.sæti	11,31 sek	Arnar Alex Reynisson
5.sæti	11,37 sek	Steinn Þorri Victorsson
6.sæti	11,47 sek	Nikulás Tumi Ragnarsson
12.sæti	13,70 sek	Magnús Búi Ágústsson

Langstökk

2.sæti	2,88 m	Arnar Alex Reynisson
3.sæti	2,79 m	Nikulás Tumi Ragnarsson
4.sæti	2,69 m	Steinn Þorri Victorsson
6.sæti	2,46 m	Páll Axel Axelsson
10.sæti	2,12 m	Magnús Búi Ágústsson

Kúluvarp 2 kg

2.sæti	5,89 m	Nikulás Tumi Ragnarsson
3.sæti	5,67 m	Páll Axel Axelsson
4.sæti	5,33 m	Arnar Alex Reynisson
5.sæti	4,85 m	Steinn Þorri Victorsson
7.sæti	3,93 m	Magnús Búi Ágústsson

Skutlukast

1.sæti	13,94 m	Nikulás Tumi Ragnarsson
3.sæti	13,32 m	Arnar Alex Reynisson
4.sæti	11,86 m	Páll Axel Axelsson
5.sæti	11,64 m	Steinn Þorri Victorsson
7.sæti	8,41 m	Magnús Búi Ágústsson

8.ára og yngri Piltar

60m hlaup

3.sæti	11,31 sek	Einar Hörður Haraldsson
5.sæti	11,52 sek	Kristján Þórarinn Andrason
7.sæti	11,75 sek	Kolbeinn Sturluson Schacht
9.sæti	12,09 sek	Þorkell Ólafur Þórbergsson
10.sæti	12,20 sek	Ernir Rafn Eggertsson
13.sæti	13,23 sek	Haraldur Ólafarson

Langstökk

3.sæti	2,53 m	Kolbeinn Sturluson Schacht
6.sæti	2,39 m	Þorkell Ólafur Þórbergsson
7.sæti	2,35 m	Kristján Þórarinn Andrason
8.sæti	2,29 m	Haraldur Ólafarson
11.sæti	2,11 m	Einar Hörður Haraldsson
13.sæti	1,97 m	Ernir Rafn Eggertsson

Skutlukast

3.sæti	9,12 m	Þorkell Ólafur Þórbergsson
4.sæti	9,04 m	Kristján Þórarinn Andrason
5.sæti	8,92 m	Haraldur Ólafarson
7.sæti	8,02 m	Kolbeinn Sturluson Schacht
8.sæti	7,79 m	Einar Hörður Haraldsson
15.sæti	5,43 m	Ernir Rafn Eggertsson

10 ára stúlkur

60m hlaup

6.sæti	11,59 sek	Ásgerður Saga Stefánsdóttir
7.sæti	11,68 sek	Þórhildur María Högnadóttir
8.sæti	11,79 sek	Matthilda Sigurðardóttir
10.sæti	14,03 sek	Kristín María Sigurðardóttir

Hástökk

3.sæti	0,97 m	Ásgerður Saga Stefánsdóttir
7.sæti	0,87 m	Matthilda Sigurðardóttir

Langstökk

5.sæti	2,35 m	Ásgerður Saga Stefánsdóttir
7.sæti	2,06 m	Matthilda Sigurðardóttir
8.sæti	1,87 m	Þórhildur María Högnadóttir
9.sæti	1,55 m	Kristín María Sigurðardóttir

Kúluvarp 2 kg

1.sæti	5,82 m	Matthilda Sigurðardóttir
2.sæti	5,54 m	Kristín María Sigurðardóttir
3.sæti	5,32 m	Ásgerður Saga Stefánsdóttir
4.sæti	4,99 m	Þórhildur María Högnadóttir

9 ára Stúlkur

60 m hlaup

1.sæti	11,04 sek	Valgerður Björk Hlíðdal
6.sæti	12,07 sek	Marikó Árný Ketel
8.sæti	12,69 sek	Ragnhildur Saga Andradóttir
10.sæti	13,43 sek	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

Langstökk

7.sæti	2,25 m	Valgerður Björk Hlíðdal
8.sæti	2,14 m	Marikó Árný Ketel
9.sæti	2,13 m	Ragnhildur Saga Andradóttir
10.sæti	1,63 m	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

Kúluvarp 2 kg

1.sæti	4,96 m	Valgerður Björk Hlíðdal
4.sæti	3,80 m	Marikó Árný Ketel
5.sæti	3,79 m	Elín Dóra Þorsteinsdóttir
8.sæti	2,96 m	Ragnhildur Saga Andradóttir

Skutlukast

4.sæti	8,65 m	Elín Dóra Þorsteinsdóttir
5.sæti	8,19 m	Ragnhildur Saga Andradóttir
6.sæti	7,60 m	Valgerður Björk Hlíðdal
7.sæti	7,27 m	Marikó Árný Ketel

8 ára og yngri Stúlkur

60 m hlaup

8-9.sæti	12,79 sek	Lilja Reynisdóttir
8-9.sæti	12,79 sek	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
12.sæti	13,37 sek	Rakel Ýr Sigmarsdóttir
15.sæti	13,97 sek	Greta Sóley Ingvarsdóttir
19.sæti	17,16 sek	Ásdís Una Sigurðardóttir

Langstökk

3.sæti	2,37 m	Lilja Reynisdóttir
10.sæti	1,90 m	Rakel Ýr Sigmarsdóttir
11.sæti	1,85 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
14.sæti	1,74 m	Greta Sóley Ingvarsdóttir
18.sæti	1,49 m	Ásdís Una Sigurðardóttir

Skutlukast

3.sæti	7,30 m	Rakel Ýr Sigmarsdóttir
9.sæti	5,44 m	Greta Sóley Ingvarsdóttir
10.sæti	4,73 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
11.sæti	4,72 m	Ásdís Una Sigurðardóttir

Öflugt keppnislið Umf Þjótanda á Héraðsleikum HSK



Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

Verður haldinn í Þjórsárveri 12. apríl n.k. kl 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps

Verður haldinn í salnum á Stóra-Ármóti miðvikudaginn
12. apríl, klukkan 20:30.
Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórnin

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Dagskrá mánaðarins:

Félagsvist í Félagslundi	4. apríl
Messa í Laugardælakirkju	6. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	9. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	10. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	11. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	12. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps	12. apríl
Flóahlaupið	16. apríl
Fræðslukvöld Skógræktarfélags Villingaholtshrepps	17. apríl
Glímuæfingar í Félagslundi	17. apríl
Æfingar í Þingborg	18. apríl
Víðavangshlaup Þjótanda	20. apríl
Glímuæfingar í Félagslundi	24. apríl
Æfingar í Þingborg	25. apríl

